



Borgarráð

Viljayfirlýsing til Búseta húsnæðissamvinnufélags

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum er óskað eftir því að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Búseta á fjórum þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 265 íbúðum. Samhliða veitir Reykjavíkurborg vilyrði fyrir allt að 70 íbúðum á tveimur lóðum. Áætluð úthlutun er 2023 og 2024. Alls er gerð viljayfirlýsing og vilyrði fyrir allt að 335 íbúðum.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt: óundirrituð viljayfirlýsing dags. 1. apríl 2022.

Viljayfirlýsing

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum gera Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur og Búseti húsnæðissamvinnufélag (hér eftir „Búseti“), kt. 561184-0709, Síðumúla 10, 108 Reykjavík með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum:

1. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóðum með byggingarrétti fyrir búseturéttar – eða leiguíbúðir á vegum Búseta, á eftirfarandi lóðum/svæðum:
 - a. Korpureitur: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 50 íbúðir.
 - b. Bryggjuhverfi III: Áætluð úthlutun árið 2026 fyrir allt að 85 íbúðir.
 - c. Sæbrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2027 fyrir allt að 50 íbúðir.
 - d. Miklubrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2028 fyrir allt að 80 íbúðir.
2. Samhliða veitir Reykjavíkurborg lóðarvilyrði fyrir allt að 70 íbúðum á tveimur lóðum. Annars vegar Rangársel og hins vegar í Gufunesi II. Áætluð úthlutun Rangársels er 2023 og Gufunes II 2024.
3. Búseti lýsir yfir vilja til að taka þátt í samstarfi um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á nýjum þróunarreitum í borginni.
4. Hönnun íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða, fyrir alla félagshópa.
5. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatanagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.
6. Félagsbústaðir hf. hafa forkaupsrétt á föstu verði á allt að 20% íbúða sem byggðar verða og getið er um í 1. tölulið þessarar viljayfirlýsingar.
7. Nánari skilmálar lóðanna munu koma fram í úthlutunarbréfi og skipulagsgögnum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við Umverfis- og skipulagssvið er falið að framfylgja þessari viljayfirlýsingu.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs 31. mars. 2022

https://reykjavik.is/sites/default/files/husnaedisaaetlun/Myndir/2019/husnaedisaaetlun_reykjavikur_borgar_nov_2019.pdf

Reykjavík, 1. apríl 2022